




Grunnskóli Reyðarfjarðar

# Hugrökku hjarta er ekkert ómögulegt



## Umgenngisreglur og skýr mörk

Samskipta- og umgenngisreglur þessar eru grundvallaðar á Leiðarljósi Grunnskóla Reyðarfjarðar en einnig á hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar sem kennd er við Diane Gossen, verkefni Olweusar gegn einelti og ART sem er þjálfun í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðfræði. Einnig var stuðst við nýútgefna reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem gefin er út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í október 2011. Höfð var til hliðsjónar sambærileg vinna annarra skóla s.s. Brekkuskóla á Akureyri. Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfsstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Hún kennir sjálfsstjórn, sjálfsaga og eflir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Lögð er áhersla á að byggja upp einstaklinginn, að hann þekki þarfir sínar og uppfylli þær án þess að meiða aðra.

### Áherslur í stefnu skólans:

Ábyrgð

Sjálfsstraust

Virðing

Gleði

Jafnrétti



## Æskileg hegðun:

### Nemandi:

- Proski með sér sjálfsaga, bæði í orðum og gjörðum
- Geti leyst úr ágreiningi án ofbeldis
- Sé tilbúinn til að læra af mistökum
- Beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- Beri virðingu fyrir eigum og umhverfi
- Sýni nemendum og starfsfólki tillitssemi
- Virði skoðanir annarra og geti sett sig í spor þeirra
- Geri sitt besta til að læra nýja hluti og nýti kennslustundir til náms
- Stuðli að góðum vinnufriði
- Mæti stundvíslega og vel undirbúinn



## Óásættanleg hegðun:

### Nemandi á ekki að:

- Beita líkamlegu eða andlegu ofbeldi þar með talið einelti
- Nota fíkniefni í skólanum, á skólalóð eða á viðburðum á vegum skólans
- Koma með og beita eldfærum eða vopnum, t.d. bareflum og hnífum
- Valda skemmdum á eigum skólans eða annarra
- Stela eigum skólans eða eigum annarra
- Valda síendurtekinni truflun á skólastarfi, vinnu nemenda, kennara eða annars starfsfólks t.d. með hávaða, ljótum munnsöfnuði, hundsa fyrirmæli starfsfólks, slæm umgengni og brotum á skólareglum

Það varðar við lög ef nemandi er uppvís að skemmdarverkum, þjófnaði, vímuefnanotkun eða alvarlegu ofbeldi og verður málinu vísað til lögregluyfirvalda.

## VIÐ SETJUM SKÝR MÖRK

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar setjum við skýr mörk á milli þeirrar hegðunar sem er ósættanleg og eðlileg og þeirrar hegðunar sem ekki er hægt að sætta sig við. Hegðun sem byggir á stjórnleysi er ósættanleg en hegðun sem byggir á sjálfstjórn er æskileg/ásættanleg.




## HVAÐ GERIST EF HEGÐUN ER ÓÁSÆTTANLEG?

Nemandinn fær val um tvær leiðir til lausnar á málum sínum:

**Leið 1:** Hann velur um að fara milda og árangursríka leið - uppbyggingu.

**Leið 2:** Hann velur að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna - viðurlögum.



## LEIÐ 1

### ÁRANGURSRÍK LEIÐ TIL LAUSNAR - UPPBYGGING

Nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg. Við í Grunnskóla Reyðarfjarðar viljum vinna með agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir til að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun.

#### **Allir geta gert mistök.**

Þeir sem starfa í Grunnskóla Reyðarfjarðar eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um alla: nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

#### **Mistök er hægt að leiðrétta.**

Besta leiðin til þess að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa, gera áætlun um að leiðrétta þau og læra þannig betri leið sem nýtist viðkomandi í svipuðum aðstæðum.



## DÆMI UM UPPBYGGINGU:

### Í kennslustund:


- 1) Kennari áminnir nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun og leiðrétt mistök sín (bæta hegðun sína/finna leið sem sættir sjónarmið).
- 2) Ef nemandi heldur uppteknum hætti vísar kennari honum úr tíma og fylgir honum til umsjónarkennara/skólastjórnanda þar sem gerð er uppbyggingaráætlun.
- 3) Þeir sem hlut eiga að máli fá upplýsingar um áætlun nemandans frá umsjónarkennara/skólastjórnanda.
- 4) Upplýsingum er komið munnlega eða skriflega (netpóstur) til umsjónarkennara. Aðilar koma sér saman um hver skráir í dagbók Mentors. Umsjónarkennari upplýsir foreldra um að nemandi hafi leiðrétt mistök sín og gert uppbyggingaráætlun.
- 5) Umsjónarkennari/skólastjórnendur eftir atvikum, fylgja uppbyggingaráætluninni eftir með viðtölum.



## DÆMI UM UPPBYGGINGU:

### Á göngum skólans, skólasafni, mötuneyti, íþróttamannvirkjum og á skólalóð:

- 1) Starfsmenn skólans gefa nemanda tækifæri til að bæta hegðun sína.
- 2) Ef það gerist ekki vísar starfsmaður viðkomandi nemanda til umsjónarkennara/skólastjórnenda þar sem hann gerir uppbyggingaráætlun.
- 3) Upplýsingum er komið munnlega og skriflega (netpóstur) til umsjónarkennara. Aðilar koma sér saman um hver skráir í dagbók Mentors. Umsjónakennari upplýsir foreldra um að nemandi hafi leiðrétt mistök sín og gert uppbyggingaráætlun.
- 4) Umsjónarkennari eða skólastjórnendur fylgja uppbyggingaráætluninni eftir með viðtölum.





## Leið 2

### NEMANDI ÞIGGUR EKKI TILBOÐ UM AÐ GERA UPPBYGGINGARÁÆTLUN.

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun ákveða umsjónarkennari/skólastjórnandi framhaldið. Í flestum tilvikum er boðið sem fyrst til fundar með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja ekki á sjálfstjórn nemanda heldur skilyrðum og eftirliti.

Þegar um alvarleg brot er að ræða er ávallt brugðist við með skýrum hætti.

#### Dæmi um úrræði þegar nemendur geta ekki eða vilja ekki leiðrétta hegðun sína og snúa sterkari til starfa á ný:

- Gerður samningur með skilyrðum.
- Nemanda er boðin aðstoð ráðgjafa innan skólans.
- Tilvísun í sérúrræði.
- Tilvísun til skólasálfræðings ( með samþykki foreldra ).
- Fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda.
- Stundaskrá nemanda skert ( tímabundið ).
- Reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara / foreldrum.
- Vísað til Nemendaverndarráðs ( með samþykki foreldra ).
- Foreldrar fylgja nemanda í kennslustundum.
- Ráðinn stuðningsfulltrúi.
- Sérstakt eftirlit í frímínútum.
- Nemandi tekinn tímabundið úr bekk.



## LÖGBROT / ALVARLEG AGABROT / VIÐURLÖG

Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að 5 virka daga án þess að nemanda sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota.

## SKÓLAREGLUR

- Við leggjum ekki aðra í einelti.
- Við aðstoðum þá nemendur sem verða fyrir einelti.
- Við gætum þess að enginn sé einn.
- Ef við vitum að einhver er lagður í einelti eigum við að segja umsjónarkennaranum (eða öðrum starfsmanni í skólanum) frá því og líka fólkinu heima.
- Skólinn er okkar vinnustaður og við gerum skólaveruna sem ánægjulegasta með hjálpssemi, tillitssemi og þrúðmannlegri framkomu.
- Við göngum vel um, förum vel með bækur og aðrar eignir skólans bæði utan sem innan dyra.
- Við mætum stundvíslega í skólann og komum vel undirbúin.
- Við tökum með okkur hollt og gott nesti þar sem sérstaklega er mælt með ávöxtum og grænmeti.
- Við hengjum yfirhafnir okkar í fatahengi og röðum skónum okkar í skóhillur.
- Nemendur fara út á leikvöll/höll í frímínútunum sem liggja að ávaxtanesti og hádegismat.
- Nemendur þrifa borð og sópa kennslustofur í lok kennsludags.
- Notkun snjalltækja er óheimil í kennslustundum nema að gefnu leyfi kennara.
- Sælgætisát er óheimilt í skólanum nema leyft sé á samkomum.
- Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil.

- Allt sorp er flokkað.

### Reiðhjól og hjólaleiktæki

Nemanda er heimilt að koma einn á reiðhjóli frá og með vori í 2. bekk. Áður en þeim aldri er náð skal nemandi koma hjólandi í fylgd með fullorðnum í og úr skóla. Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum í hjólagrindur við skólann. Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað. Það er skylda nemenda að koma með hjálm í skólann. Hjólreiðar eru aðeins leyfðar fyrir ofan skóla á hjólabraut. Umferð vélknúinna ökutækja er alfarið bönnuð á skólalóð.

### Farsími og önnur rafeindatæki

Því er beint til forráðamanna nemenda í 1. - 6. bekk að senda nemendur hvorki með síma né snjallúr í skólann nema með sérstöku samkomulagi.

### Reglur fyrir 7. - 10. bekk:

Kjósi nemandi að hafa símann með sér í skólann þarf hann að samþykkja að fara eftir reglum skólans um notkun farsíma á skólatíma og þarf nemandinn og forráðamaður hans að undirrita sértakan samning þess efnis.

- Nemendur hafa rafeindatæki með í skólann á eigin ábyrgð.
- Nemendur og forráðamenn eru hvattir til að tryggja tækin.
- Þegar bjallan hringir við upphaf kennslustundar á að vera slökkt á öllum tækjum.
- Tækin má nota til náms og/eða til að hlusta á tónlist þegar kennari leyfir. Ef kennari leyfir nemendum að hlusta á tónlist þarf tónlistin að „rúlla“ það er ekki tími til að leita og fletta.
- Nemendum er ekki heimilt að hlaða niður efni í gegnum nettenginu skólans.

- Engin samskiptaforrit eru opin meðan á kennslu stendur.
- Nemendur fara einungis á vefsíður við hæfi aldurs þeirra og þroska.
- Tækin eru ekki notuð í matsalnum á matmálstímum.
- Nemendur eru sammála um að nota ekki annarra manna tæki án leyfis.
- Við alla notkun tækjanna er sýnd virðing og tillitssemi.
- Ekki setja myndir, hljóðskrár og annað efni á netið.

## LEIKSVÆÐI

Skólalóðinni er skipt niður í ólík leiksvæði til að koma til móts við sem flestar þarfir nemenda. Gæsla í frímínútum er skipulögð þannig að hver starfsmaður hefur ákveðið svæði sem hann vaktar. Starfsfólk er hvatt til að virkja nemendur í leik á leiksvæðum.



Í Grunnskóla Reyðarfjarðar viljum við í samráði við foreldra, skapa þannig umhverfi að öllum líði vel og læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Allir sem starfa í Grunnskóla Reyðarfjarðar eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, samskiptum og umgengni. Best er að viðurkenna mistök, leiðrétta þau og koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Þegar allir virða reglurnar gengur starfið vel, okkur líður betur og við náum besta árangri í starfi og leik.

Það er ósk okkar að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.